

AUGLÝSING

um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Við undirkaflann „Námsbrautir“ er hefst á bls. 21 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla bætist ný námslýsing og orðast hún svo:

Viðbótarnám fyrir starfsnámsnemendur og nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut til undirbúnings námi á háskólastigi.

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum skv. ákvæðum í reglugerð.

Stúdentsprófið tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skulu nemendur ljúka námi eins og tilgreint er hér á eftir.

Viðbótarnámið geta nemendur:

- a) skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, *eða*
- b) lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er í töflunni:
 1. Þriggja til fjögurra ára starfsnám. Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	12 -
stærðfræði	6 -

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í

tungumálum/náttúrufræðigreinum og stærðfræði/ samfélagsgreinum	12 ein.
---	---------

samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur *ekki* til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka I.

2. Tveggja til þriggja ára starfsnám. Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	15 -
saga	6 -
náttúruvísindi	9 -
stærðfræði	6 -
íþróttir	8 -

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í

þriðja máli eða stærðfræði	12 ein. og
samfélagsgreinum eða náttúrufræðigreinum	
eða íþróttagreinum	15 ein.

samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur *ekki* til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Saga og stærðfræði eru þó undanskildar frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka II.

3. gr.

Nemendur sem ljúka námi af listnámsbraut skulu bæta við sig námi samkvæmt því sem segir í 2. gr., lið a eða lið b1.

4. gr.

Starfsnám sem tekur skemmri tíma en tvö ár. Nemandi sem lýkur skilgreindu námi í þessum flokki með fullnægjandi árangri og óskar að halda áfram námi á annarri námsbraut getur fengið nám sitt metið með þessum hætti:

Nám sem nemendur hafa lokið í almennum greinum kemur í öllum tilvikum til frádráttar námi í sömu greinum á þeirri braut sem nemendur innritast á.

Ef nemandi innritast á almenna bóknaðsbraut er viðkomandi skóla heimilt að meta sér-nám nemenda til allt að 12 eininga á kjörsviði viðkomandi námsbrautar og til allt að 12 eininga í fjálsu vali. Starfsnám sem fellur undir þessa málsgrein og skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla er talið upp í viðauka III.

Framhaldsskólum er einnig heimilt að meta annað starfsnám samkvæmt þessari málsgrein en það sem talið er upp í viðaukanum, enda hafi námið skýrt skilgreind markmið og inn-tak og sé formlega viðurkennt af samtökum eða fyrirtækjum.

Innritist nemendur hins vegar á aðrar brautir þarf að meta í hverju einstöku tilviki hvort unnt er að meta sérnámið eða hluta þess sem hluta af því námi sem nemendur ætla að leggja stund á. Slíkt mat fer fram á vegum viðkomandi framhaldsskóla.

5. gr.

Lýsing á viðskiptabraut (VI) á bls. 178 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla orðist svo:

Viðskiptabraut (VI)

70 ein.

Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir almenn skrifstofu- og verslunarstörf. Námi á brautinni lýkur með verslunarprófi. Meðalnámstími er 4 annir.

Íslenska		8 ein.
Íslenska	ÍSL 102 202 212 [103 203]	
Tjáning	TJÁ 2 ein.	
Erlend tungumál		8 ein.
Danska	DAN ¹⁾ 102 202	
Enska	ENS 102 202	
Samfélagsgreinar		8 ein.
Félagsfræði	FÉL 102/103	
Saga	SAG 103	
Þjóðhagfræði	ÞJÓ 103	
Raungreinar		3 ein.
Val nemanda og skóla	3 ein.	
Stærðfræði		4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122/202	
Tölvufræði og vélritun		7 ein.
Val nemanda og skóla	7 ein.	
Sérgreinar		17 ein.
Bókfærsla	BÓK 103 203	
Hagnýt verslunarstörf	HAV 102	
Rekstrarhagfræði	REK 103	
Verslunarréttur	VRR 102/103	
Val nemanda og skóla	4 ein.	
Íþróttir - líkams- og heilsurækt		4 ein.
	ÍÐR 101 111 201 211	
Val nemanda og skóla		11 ein.

6. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 371/2001 um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2002.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

¹⁾ Norska/sænska.

VIÐAUKI I

I. Þriggja og fjögurra ára starfsnám (upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, og þarf því ekki að vera tæmandi).

Nám sem fellur undir 2. gr., b-lið, 1. tölulið.

Bíliðngreinar:

Bifreiðasmíði (BS8) - iðnnám á verknámsbraut
Bifvélavirkjun (BV8) - iðnnám á verknámsbraut
Bílamálun (BM8) - iðnnám á verknámsbraut

Bókiðngreinar:

Bókband (BÓ9) - samningsbundið iðnnám
Prentsmíð (PS9) - samningsbundið iðnnám
Prentun (PR9) - samningsbundið iðnnám

Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:

Bókasafnstækni
Bókband
Fjölmiðlataækni
Grafísk miðlun (prentsmíð)
Ljósmyndun
Nettækni
Prentun
Veftækni

Bygginga- og trúðngreinar:

Húsasmíði (HÚ8) - iðnnám á verknámsbraut
Húsasmíði (HÚ9) - samningsbundið iðnnám
Húsgagnasmíði (HS8) - iðnnám á verknámsbraut
Húsgagnasmíði (HS9) - samningsbundið iðnnám
Málaraiðn (MÁ9) - samningsbundið iðnnám
Múraraíðn (MR9) - samningsbundið iðnnám
Pípulagnir (PL9) - samningsbundið iðnnám

Fata-, skinn- og leðuriðngreinar:

Kjólasaumur (KJ8) - iðnnám á verknámsbraut
Klæðskurður (KL8) - iðnnám á verknámsbraut
Söðlasmíði (SÖ9) - samningsbundið iðnnám

Matvælagreinar:

Bakaraiðn (BA9) - samningsbundið iðnnám
Framreiðsla (FR9) - samningsbundið iðnnám
Kjötiðn (KÖ9) - samningsbundið iðnnám
Matreiðsla (MA9) - samningsbundið iðnnám

Málmiðngreinar:

Blikksmíði

Rennismíði
Stálsmíði
Vélvirkjun
Gull- og silfursmíði (GS9) - samningsbundið iðnnám
Netagerð (NG9) - samningsbundið iðnnám

Rafiðngreinar:

Rafeindavirkjun (RE8) - iðnnám á verknámsbraut
Rafvélavirkjun (RV8) - iðnnám á verknámsbraut
Rafvélavirkjun (RV9) - samningsbundið iðnnám
Rafvirkjun (RK8) - iðnnám á verknámsbraut
Rafvirkjun (RK9) - samningsbundið iðnnám
Símsmíði (SS9) - samningsbundið iðnnám

Snyrtigreinar:

Hársnyrtið (HG9) - samningsbundið iðnnám
Snyrtifræði (SN8) - iðnnám á verknámsbraut

Heilbrigðisbrautir:

Lyfjatæknabraut (LT)
Nuddnám (NN)
Sjúkraliðabraut (SJ)

Matvæla-, hússtjórnar- og handíðanám:

Matartæknabraut (MT)

Sjávarútvegsnám:

Fiskiðnaðarbraut
Skipstjórnarbraut 2. stig
Skipstjórnarbraut 3. stig
Vélstjórnarbraut 3. stig
Vélstjórnarbraut 4. stig

Tölvu-, tækni- og hönnunarnám:

Tölvufræðibraut

VIÐAUKI II

II. Tveggja til þriggja ára starfsnám (upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, og þarf því ekki að vera tæmandi).

Nám sem fellur undir 2. gr., b-lið, 2. tölulið.

Málmiðngreinar:

Málmiðngreinar, fyrri hluti

Heilbrigðisbrautir:

Félagsliðanám

Tanntæknabraut

Matvæla-, hússtjórnar- og handfíðanám:

Slátrun

Sjávarútvegsnám:

Skipstjórnarbraut 1. stig

Vélstjórnarbraut 2. stig

Tölvu-, tækni- og hönnunarnám:

Hönnunarbraut (Iðnskólinn í Hafnarfirði)

Hönnunarbraut (Iðnskólinn í Reykjavík)

Tækniteiknun

Uppeldisnám:

Uppeldisbraut

Íþróttabraut

Verslunar- og viðskiptanám:

Viðskiptabraut

VIÐAUKI III

III. Annað starfsnám (upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, og þarf því ekki að vera tæmandi).

Nám sem fellur undir 3. mgr., 4. gr.

Bílgreinar:

Grunndeild bíliðna

Bygginga- og tréiðngreinar:

Grunndeild múriðnar

Grunndeild tréiðna

Málmiðngreinar:

Rafsuða

Rafiðngeinar:

Grunndeild rafiðna

Sjávarútvegsnám:

Sjávarútvegsbraut

Uppeldisnám:

Íþróttanám, sérnám í íþróttافرæði og íþróttagreinum (ÍÞ)